

Föstudaginn 21. janúar 1994.

Nr. 2/1994.

**Tryggvi Einar Geirsson og
Þrotabú Ulrichs Falkners**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Karli L. Magnússyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Frávísun héraðsdómara felld úr gildi. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kærú 16. desember 1993, sem barst Hæstarétti ásamt öðrum málskjöllum 4. janúar sl. Krefjast þeir þess, að ómerkt verði það ákvæði dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-2247/1992, sem lýtur að frávísun krafna sóknaraðila á hendur varnaraðila. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að staðfest verði hin kærða frávísun og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Mál þetta snýst um endurgreiðslukröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila og Jan Gunnari Davidssyni vegna skuldabréfs, og var þeim stefnt in solidum sem skuldara og ábyrgðarmanni bréfsins. Af hálfu beggja stefndu var krafist sýknu. Sýknukrafa varnaraðila var reist á því, að á honum hvíldi ekki greiðsluskylda vegna umrædds bréfs.

Sóknaraðilar benda á, að varnaraðili hafi ekki vefengt aðild þeirra að dómkröfum á hendum honum. Aðildarskortur hafi því ekki komið til álita. Sú niðurstaða héraðsdómara sé röng að vísa kröfu frá dómi á þeim forsendum, að óvissa sé um aðild.

Varnaraðili vísar um kröfur sínar til raka héraðsdómara.

Af forsendum í héraðsdómi fyrir frávísun krafna sóknaraðila á hendur varnaraðila verður ráðið, að krafa hans um sýknu myndi hafa náð fram að ganga, ef hún hefði berum orðum byggst á þeirri

málsástæðu, að sóknaraðilar ættu ekki aðild að kröfum í málinu gagnvart honum. Ófullnægjandi málflutningur varnaraðila að þessu leyti, að mati héraðsdómara, gat hins vegar ekki að lögum leitt til frávísunar kröfunnar frá dómi, enda veldur aðildarskortur sýknu, en ekki frávísun, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að fella frávísunina úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka þátt varnaraðila í málinu til efnismeðferðar.

Að svo vöxnu máli er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að hefðu lög staðið til frávísunar krafna sóknaraðila gegn varnaraðila, hefði héraðsdómara verið rétt, þar sem einni og sömu kröfu var beint in solidum gegn tveimur aðilum, að kveða upp frávísunarúrskurð og láta málsmeðferð að öðru leyti hvíla, meðan kærufrestur leið, og síðan áfram, yrði úrskurðurinn kærður, þar til dómur í kærumálinu væri upp kveðinn.

D ó m s o r ð:

Felld er úr gildi frávísun krafna sóknaraðila, Tryggva Einars Geirssonar og þrotabús Ulrichs Falkners, á hendur varnaraðila, Karli L. Magnússyni, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka þær til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 22. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Tryggva Einari Geirssyni, kt. 171152-3059, Sólbraut 8, Seltjarnarnesi, og þb. Ulrichs Falkners, kt. 210737-2949, Lynghaga 15, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. og 28. febrúar 1992, á hendur Jan Gunnari Davidssyni, kt. 100745-7989, Lokastíg 13, Reykjavík, og Karli L. Magnússyni, kt. 070638-3129, Sólheimum 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 1.090.764,15 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. mars 1988 til greiðsludags.

Til vara er krafist dráttarvaxta eins og að framan greinir frá 31. október 1990 til greiðsludags.

Til þrautavara er krafist dráttarvaxta frá 11. október 1991 til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar [. . .].

Dómkröfur stefnda Jans eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Jafnframt er krafist málskostnaðar [. . .].

Dómkröfur stefnda Karls eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Sama hvernig málið fer er gerð krafa um málskostnað [. . .].

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi Jan byggir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á aðildarskorti stefnenda. Af hálfu stefnda Karls er aðild stefnenda ekki vefngd.

Það liggur fyrir og er óumdeilt, að stefnendur tóku persónulega lán til að greiða umræddar ábyrgðarskuldbindingar stefnda Jans vegna samnings hans og Sportlands hf., sem fyrir liggur á dóm skjali nr. 3. Er enn fremur óumdeilt, að samanlögð lánsfjárhæð stefnenda nam að frádregnum lán-tökukostnaði kr. 4.301.640,00, og rann sú fjárhæð beint til greiðslu þriggja skuldabréfa í Iðnaðarbanka Íslands. Er enn fremur óumdeilt, að stefnendur sem og aðilar að samningi á dskj. nr. 3 töldu þá greiðslu á skuldabréfi því, sem deilt er um í máli þessu, nr. 500688, vera í samræmi við ákvæði samningsins á dskj. nr. 3, lið 3-a, þegar greiðslan var innt af hendi.

Það liggur fyrir og er m. a. staðfest í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 411/1992, upp kveðnum 14. desember 1992, þar sem frávísunardómi í máli þessu er hrundið, að stefnendur í máli þessu höfðu áður framselt rétt sinn skv. skuldabréfinu til Sportlands hf. Á grundvelli þess framsals m. a. höfðaði Sportland hf. mál á hendur Jan Gunnari Davidssyni og David Storm Ltd. til viðurkenningar á riftun samnings aðila frá 17. desember 1987, sem liggur fyrir í máli þessu á dskj. nr. 3, auk endurgreiðslu á tilteknum greiðslum, þar á meðal greiðslu vegna ofangreinds skuldabréfs nr. 500688. Undir rekstri málsins framseldi Sportland hf. kröfuna til Jóns Valentínussonar, Inge M. Löwner Valentínussonar, Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Dagnýjar Ingólfsdóttur og Þórhildar R. Geirsdóttur, þar á meðal kröfu þá, sem Sportland hf. hafði fengið framselda frá stefnendum máls þessa vegna skuldabréfs nr. 500688.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 31. október 1990, var því m.a. hafnað, að greiðsla á umdeildu skuldabréfi nr. 500688 skyldi teljast efndir á samningnum. Máli því var áfrýjað, en í áðurgreindum dómi Hæstaréttar frá 14. desember 1992 kemur fram, að við áfrýjun á því máli hafi aðil-

ar þess fallist á þau sjónarmið héraðsdómarans, sem lúta að umdeildu skuldabréfi. Kemur þar enn fremur fram, að sóknaraðilar í máli þessu, Tryggvi Geirsson og þb. Ulrichs Falkners, telji sig hafa við þetta öðlast rétt yfir bréfinu á ný. Á þeim grundvelli virðast þeir byggja aðild sína að málinu nú.

Eins og að framan greinir, framseldu stefnendur rétt sinn samkvæmt skuldabréfinu til Sportlands hf. Við yfirheyrslur fyrir dómi bar Ulrich Falkner aðspurður, að framlag þeirra Tryggva Geirssonar í þágu Sportlands hf. hefði verið fært til skuldar við þá hjá Sportlandi hf. Kvaðst Ulrich Falkner hafa verið hluthafi í Sportlandi hf. Einnig hafi kona Tryggva Geirssonar verið hluthafi. Tryggvi Geirsson kvað aðspurður ástæðu þess, að hann hefði tekið persónulegt lán vegna Sportlands hf., hafa verið samkomulag við Ulrich Falkner um að hann kæmi hugsanlega inn í málið síðar og þá sem hluthafi.

Ekki liggur fyrir í málinu, að stefnendur hafi fengið kröfuna framselda til sín á nýjan leik eða að framsali stefnenda á kröfunni til Sportlands hf. hafi verið rift. Er ekki á það fallist, að brostnar forsendur leiði sjálfkrafa til þess að réttindin gangi til baka til stefnenda, enda áttu þeir, eins og fram hefur komið, að öðlast réttindi á hendur Sportlandi hf. í staðinn. Er því ekki unnt að fallast á það með stefndum, að þeir séu réttir handhafar kröfu þessarar. Með því að stefndi Jan byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti stefnenda, ber að sýkna hann af kröfum þeirra skv. 2. mgr. 16. gr. 1. nr. 91/1991.

Þar sem stefndi Karl hefur ekki uppi varnarástæðu, sem byggð er á aðildarskorti, ber að vísa kröfum stefnenda á hendur honum frá dómi ex officio, þar sem aðild stefnenda að kröfunni er ekki ljós.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda Jan Gunnari Davidssyni kr. 180.000,00 í málskostnað og stefnda Karli kr. 60.000,00 í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Kröfum stefnenda á hendur stefnda Karli L. Magnússyni, Sólheimum 25, Reykjavík, er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi Jan Gunnar Davidsson, Lokastíg 13, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnenda Tryggva Einars Geirssonar, Sólbraut 8, Seltjarnarnesi, og þb. Ulrichs Falkners, Lynghaga 15, Reykjavík.

Stefnendur Tryggvi Einar Geirsson og þb. Ulrichs Falkners, greiði stefnda Jan Gunnari Davidssyni kr. 180.000,00 í málskostnað og stefnda Karli L. Magnússyni kr. 60.000,00 í málskostnað.
